



Atli Fannar Bjarnason, sölumaður hjá Vatn og veitum, Anný Björk Guðmundsdóttir rekstrarstjóri verslunarinnar og Þórður M. Kristinnsson, framkvæmdastjóri Sindra. Mynd: Dagskráin/Björgvin R. V.

Sindri, Johan Rönning og Vatn & veitur hafa opnað fagmannaverslun á Selfossi

Sindri, Johan Rönning og Vatn & veitur hafa opna nýja og glæsilega verslun í nýju húsnæði að Austurvegi 69 á Selfossi.

„Viðskiptavinir okkar hafa beðið spenntir eftir þessu og við erum mjög ánægð að geta komið til móts við þarfir þeirra á þennan hátt. Við höfum unnið að þessari opnun undanfarið ár og við erum mjög spennt fyrir að stimpla okkur enn frekar inn á Suðurlandi. Framundan er mikill uppgangur og kraftur í sveitarfélaginu og við viljum vera þar sem viðskiptavinirnir okkar eru,“ segir Anný Björk Guðmundsdóttir, rekstrarstjóri nýrrar verslunar, í samtali við Dagskrána.

Í nýrri verslun er mikið úrval verkfæra frá heimsþekktum framleiðendum m.a. DeWALT og Toptul, vinnufatnaður frá sænska hágæðaframleiðandanum Blåkläder auk raflagna-

og pípulagningaefnis fyrir fagmenn. Í verslun okkar starfar afar hæft starfsfólk með mikla reynslu og menntun á sínu sviði. „Það er mikil búbot fyrir þessar stéttir á þessu svæði, að geta verslað allan sinn búnað í heimabyggð.“ segir Anný.

Kaffibar fyrir viðskiptavinir

„Í þessari viku bjóðum við viðskiptavinum upp á alvöru kaffibar og barista en auk þess verðum við með glæsileg opnunartilboð. Þetta er því frábært tækifæri til að kíkja við í nýju verslunina og graeja sig upp af verkfærum fyrir vorið og sumarið. Við munum að auki draga út einn heppin viðskiptavin í mars sem fær einkar glæsilegt 6 véla DeWALT verkfærasett. Við verðum einnig með fjölda starfsmanna frá öðrum starfsstöðvum okkar til að þjónusta alla á sem bestan máta,“ segir Anný.

Afbragðs fagfólk af Suðurlandi hefur komið að byggingu hússins og undirbúnings. Jón Árni, húsasmiðameistari hjá Árfossi, sá um bygginguna á þessu reisulega 1330 fm líntréshúsi.

Johan Rönning hefur verið á Selfossi frá 2007 og alltaf á Eyraveginum. „Í nýju verslunni höfum við þrefaldað fermetra-fjöldann sem þýðir að við getum boðið upp á stóraukið vöruúrval og stærri lager. Við leggjum áherslu á að þróa vöruúrvalið í samráði við viðskiptavinina og þarfir markaðarins, það verður spennandi að geta tekið það áfram,“ segir Anný.

„Við höfum frá upphafi státað okkur af framúrskarandi þjónustu, áreiðanleika og sérþekkingu og það verður ekkert lát á því,“ segir Anný að lokum en Johan Rönning mun fagna 90 ára afmæli á næsta ári.

Störfum fjölga með auknum gestafjölda í sumar

„Við erum að koma undan vetri sem einkenndist nokkuð af Covid-takmörkunum og samkomubanni, og svo rauðum og appelsínugulum viðvörðunum og mikill ófærð. En nú er undirbúningur fyrir sumarið á fullu og tilhlökkun í manskapnum,“ segir Vignir Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sigtúns Þróunarfélags í samtali við Dagskrána.

Nýir og spennandi veitingastaðir og kaffihús eru að bætast í miðbæjarflórana í vor og langþráður skemmti- og tónleikastaður verður opnaður fyrir sumarið. Þá er starfsemi í öllum verslunarrýmum.

„Samhliða þessari auknu starfsemi erum við að bæta útiaðstöðuna á torginu. Núna

er verið er að setja upp markísur og hitara við Mjólkurbúið til að geta boðið gestum oftar að njóta veitinga útivið, og svo munu bætast við fleiri setsvæði og meiri gróður inn á torgið,“ segir Vignir.

Þar sem ljóst er að starfsemin verður umfangsmeiri þarf að fjölga starfsfólki og er nú auglýst eftir fólki í ýmsar stöður hjá fyrirtækjum í miðbænum, svo sem afgreiðslu- og þjónustustörf, barþjóna, í leiðsögn og móttöku ferðamanna og fleira. „Þetta eru sumarstörf með góðum möguleika á áframhaldandi ráðningu og við hvetjum áhugasama um að sækja um á alfred.

is“, segir Vignir.



Þennan fallega blómakrans í úkraínsku fánalitunum má finna bakvið Mjólkurbúið Mathöll. Mynd: Dagskráin/brv

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is - auglysingar@dfs.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónustu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](#)

Hrós vikunnar

Aðalheiður Ólafsdóttir er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Aðalheiður Ólafsdóttir

Þakka ekkert fyrir að vera tilnefnd að vera hrósari vikunnar. Því það setur mann í vanda af því að maður þarf að hrósa svo mörgum.

Aðalheiður Ólafsdóttir

Hrós vikunnar fá samþylingarnir í Grænumörk 2. Það er ekki sjálfgefið að njóta þeirra forréttinda að eiga svo góða nágranna.

Aðalheiður Ólafsdóttir

Ég hef ákveðið að tilnefna Sigurjón V. Jónsson tengdason minn, einn af mörgum, að koma með hrós næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Er samráðsskyldan uppfyllt í sveitarfélaginu?

Allt frá árinu 2018 hefur Averið lögbundin skylda á sveitarfélögum að starfrækja notendaráð til að tryggja samráð notenda félagsþjónustu við stefnumörkun og áætlanagerð.

Árið 2019 sendi Öryrkjabandalag Íslands erindi á alla sveitarstjóra landsins þar sem brynd var fyrir þeim skyldan til þess að koma notendaráðum á laggirnar og tryggja þannig samráð fatlaðra íbúa sveitarfélagsins og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks.

Samráð er lykillinn að gæðum í stefnumótun og reglu-setningu þegar kemur að mannréttindamálum svo sem félagsþjónustu. Það er því ekki að ástæðulausu að lög geri ráð fyrir skyldu sveitarfélaga til þess að hlusta á raddir þeirra sem þjónustan beinist að.

Öryrkjabandalaginu hefur boðist að skipa fjölmarga fulltrúa í notendaráð þar sem þeim hefur verið komið upp. Til þess að sá hópur valdeflist og hafi bestu mögulegu upplýsingar um störf notendaráða vítt og breitt um landið, starfrækir Öryrkjabandalagið umræðuhóp fyrir fulltrúa sem sem sitja í notendaráðum. Allir fulltrúar fatlaðs fólks í notendaráðum landsins og annars konar samráðshópum við yfirvöld eru velkomnir í þann hóp og geta sett sig í samband við skrifstofu Öryrkjabandalagsins til að komast



á póstlistann, til dæmis með tölvupósti á netfangið: mot-taka@obi.is.

Því miður hefur orðið misbrestur á að öll sveitarfélög hafi komið sér upp fullnægjandi notendaráðum í málefnum fatlaðs fólks í samræmi við 8. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í sumum tilfellum hefur verið skipað í slík notendaráð án aðkomu Öryrkjabandalagsins og því höfum við ekki getað veitt fötluðu fólki í þeim notendaráðum stuðning og jafningjafræðslu. Þetta er óásættanlegt og hefur Öryrkjabandalag Íslands því beint því að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála að gerð verði úttekt á því hvaða sveitarfélög hafa ekki enn brugðist við þessari lögbundnu skyldu sinni.

Það skiptir alla borgara landsins máli að hlusta sé á fólkið í nærumhverfinu og sérstaklega á fólkið sem sem eru notendur félagsþjónustu. Því skorum við á þig lesandi góður að gera málefni fatlaðs fólks í sveitarfélaginu að þínum og veita sveitarstjórnnum og þeim einstaklingum sem bjóða sig fram í komandi sveitarstjórnarkosningum aðhald hvað varðar áherslur fulltrúa í þessari mikilvægu réttindabaráttu.

Puríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA-miðstöðvarinnar

Katrín Oddsdóttir, mannréttindalögfræðingur

Ertu brauðhnífur eða smjörhnífur?

Í aðdraganda kosninga hefur Averið kastað fram að mjúku málin hljóti ekki hljómgrunn kjósenda. Umræðan þurfi að vera beitt. Ég er málsvari mjúku málanna. Ég hef nefnilega búið víða, í strákofa í Kyrrahafi, blokk í Köben, húsi á Selfossi og ég veit að það er hægt að búa hvar sem er en hvar er best að lifa? Ekki halda að smjörhnífurinn geri sér ekki grein fyrir því að það þurfi að finna heitt vatn, laga frárennismál, sinna uppbyggingu, laga fjármál o.s.frv. Ég veit að það er grunnurinn og ég geri ráð fyrir að hver hugsandi maður í samfélaginu viti það líka. Ég geng hins vegar skrefinu lengra, ég horfi til framtíðar. Það er nefnilega leiðinlegt að borða þurr brauð, ég bæti



við upplifun. Mjúku málin eru krydd lífsins, þau eru þekkingin,

menningin, samveran, þjónustan, náttúran, sköpunin og framþróunin. Hver man fyrir 20 árum, þegar þeir keyrðu frá Selfossi til Reykjavíkur og skoðuðu heimasíðu Kringlunnar til að sjá hvenær hún opnaði? Enginn! Þetta var óhugsandi á þeim tíma. Hvers virði er skapandi umhverfi? Ég spyr á móti, hvers virði er Apple fyrirtækið? Facebook? Hvernig verður Árborg eftir 20 ár? Jú, við þurfum fólk sem byggir grunninn en hann er einskis virði ef íbúunum er ekki sinnt, þá kjósa þeir að lifa annars staðar.

María Marko er hönnuður og starfar við kennslu á Selfossi. Hún sækist eftir stuðningi í 5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Árborg.

Helgi Kjartansson leiðir T-listann í Bláskógabyggð

Framboðslisti T-listans í Bláskógabyggð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor var samþykktur samhljóða á fjölmennum fundi í Aratungu miðvikudagskvöldið, þann 9. mars.

Á listanum er reynslumikið sveitarstjórnar- og félagsmálafólk ásamt efnilegu ungu fólki sem hefur mikinn áhuga á málafnum sveitarfélagsins.

Framboðslisti T-lista fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022:

1. Helgi Kjartansson, kennari og oddviti, Dalbraut 2, Reykholti
2. Stefánía Hákonardóttir, rafmagns- og heilbrigðisverkfræðingur, Laugardals-hólum
3. Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, vélvirki, Heiðarbæ 4
4. Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, bóndi, Bræðratungu

5. Guðni Sighvatsson, íþróttifræðingur og kennari, Hrísholti 10 Laugarvatni
6. Áslaug Alda Þórarinsdóttir, þjónustustjóri, Spóastöðum 1
7. Elías Bergmann Jóhannsson, starfsmaður íþróttamannvirkja Bláskógab. Laugarvatni, Reykjabraut 5
8. Sólmundur Magnús Sigurðarson, stuðningsfulltrúi og þjálfari, Austurhlíð 3
9. Grímur Kristinnsson, smiður og búfræðingur, Ketilvöllum

10. Trausti Hjálmarsson, bóndi, Austurhlíð 2
11. Auður Ólafsdóttir, húsmóðir og hársnyrtir, Litla-Fljóti
12. Arite Fricke, hönnuður og listgreinakennari, Bæjarholti 14 Laugarási
13. Kristinn Bjarnason, verslunarmaður, Brautarhóli
14. Valgerður Sævarsdóttir, bókasafnsfræðingur, Garði Laugarvatni



FJÖLBREYTT STÖRF Í LIFANDI MIÐBÆ

Miðbær Selfoss fer stækkandi. Þar eru nú fjölbreyttir veitingastaðir og verslanir, upplifunarsýningin Skeyrland og á vormánuðum opna fleiri veitingastaðir. Við eigum von á miklum fjölda gesta í miðbæinn á næstu mánuðum og leitum því eftir fleiri liðsmönnum í fjölbreytt störf, meðal annars:

- Þjónusta og afgreiðsla
- Leiðsögn og móttaka ferðamanna
- Barþjónar
- Ræstingar

Um er að ræða sumarstörf, hlutastörf og góða möguleika á framtíðarstörfum. Við hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um.

English


Selfoss Centre opened last summer and is growing rapidly. This spring, more restaurants and bars will open, on top of the current selection of restaurants, shops and exhibitions. We are expecting many visitors in the upcoming months, so we are looking to add people to the team, including:

- Service and reception
- Tour guides
- Bartenders
- Cleaning

Part-time, full-time and summer jobs are available, and we encourage people of all age to apply.

Umsóknir og nánari upplýsingar á www.alfred.is

SELFLOSS
MIÐBÆR



Látum verkin tala



Mynd: hvolsvollur.is/Borsteinn Jónsson

Í dag þegar líðandi kjörtímabil er að klárast þykir okkur fulltrúum B-lista í Rangárþingi eystra rétt að líta um öxl og gera upp tímabilið sem senn er að líða. Framboð framsóknarmanna og annarra framfarasinna í Rangárþingi eystra hefur setið í meirihluta sveitarstjórnar í farsælu samstarfi við D-listann s.l. 4 ár og hafa framboðin m.a. skipt stöðu sveitarstjóra á milli sín á tímabilinu.

Kjörtímabilið sem er að klárast hefur vægast sagt verið óvenjulegt og lítið hefur verið um stærri viðburði í sveitarfélaginu. Við frambjóðendur og kjörnir fulltrúar höfum saknað þess mikið að geta hitt fólk á förnun vegi, á fundum og viðburðum og höfum við fundið fyrir því hvað félagsleg samskipti skipta gríðarlega miklu máli fyrir okkur öll. Auk þess hefur, eins og allir vita, heimsfaraldurinn haft veruleg áhrif á ákvarðanir, forgangsstöðun og rekstur sveitarfélagsins. Ábyrg fjármálastjórnun undanfarin ár sannaði svo sannarlega gildi sitt þegar við þurfum að takast á við áhrif heimsfaraldursins. Lögð var áhersla á viðhaldsverkefni og að skapa störf í héraði eins og ríkisstjórn Íslands lagði til.

Þrátt fyrir áskoranir í rekstri er full ástæða til að gleðjast yfir því að við höfum haldið vel á spöðunum og náð fjölmörgum þeirra markmiða sem við settum okkur fyrir kosningar 2018 og finnst okkur full ástæða til að varpa ljósi á það sem gerst hefur og við getum verið stolt af:

- Vinnu við heildar deiliskipulag fyrir skóla- og íþróttasvæðið er lokið þar sem framtíðarþarfir sveitarfélagsins eru hafðar að leiðarljósi og þegar er farið að vinna eftir.
- Heildarendurskoðun aðal-

skipulags sveitarfélagsins er langt komin.

- Vinnu við miðbæjarskipulag er lokið og gatnagerð þar er á fjárhagsáætlun ársins 2022. Lóðir þar verða auglýstar til úthlutunar á næstu vikum.
- Markaðssetningarherferð Rangárþings eystra, þar sem sveitarfélagið er markaðssett sem framsækið og eftirsóknarverður staður til búsetu, er hafin og mun halda áfram.
- Vinnu við deiluskipulag nýs íbúðahverfis er lokið, gatnagerð við 1. áfanga er orðin að veruleika og vinna við 2. áfanga er að hefjast.
- Gerð húsnæðisáætlunar Rangárþings eystra er nú lokið.
- Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu og viðhald ferðamannastaða samkvæmt áfangastaðaáætlun og hafa ekki fengist jafn háir styrkir til þeirra framkvæmda árum saman.
- Garðyrkjustjóri var ráðinn til starfa í júní 2020 og hefur sveitarfélagið fengið sannkallaða andlitslyftingu sem við viljum halda ótraud áfram.
- Bygging nýs leikskóla er hafin og er áætlað að verkinu ljúki um mitt ár 2023, en um er að ræða stærstu einstöku framkvæmd Rangárþings eystra fram til þessa.
- Leikskólavist fyrir öll börn frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur er nú staðreynd.
- Verkefninu barnvænt samfélag var hrint af stað vorið 2021 og gengur innleiðingin mjög vel.
- Heimavist við FSU er orðin að veruleika og er mikilvægur áfangi fyrir unga fólk og okkar, ekki síst í dreifbýlinu.
- Vinnu við umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins er að ljúka.

- Rangárþing eystra er orðið heilsuefflandi sveitarfélag og gengur sveitarfélagið fram með góðu fordæmi og gefur starfsfólki sínu árskort í líkamsrækt og sundlaug.
- VISS vinnu- og hæfingarstöð var opnuð á Hvolsvelli í janúar 2021 og nýtur mikilla vinsælda.
- Framtíðarheimili Njálurefilsins er fundið.

Hér er svo sannarlega ekki um tæmandi upptalningu að ræða enda krefjast ný verkefni þess oft að brugðist sé fljótt og örugglega við. Við höfum ávallt lagt fram metnaðarfulla stefnuskrá sem hefur verið okkur leiðarljós allt kjörtímabilið. Við leggjum allt kapp á þetta og góða samvinnu frá fyrsta degi og hafa allir fulltrúar listans fundað mánaðarlega allt kjörtímabilið sem gefur okkur aukinn slagkraft til að vera ávallt með puttann á þúlsinum. Við munum nú opna fundi okkar fyrir öllum þeim sem vilja leggja sitt af mörkum til að móta stefnu til næstu fjögurra ára með okkur og mun listi framsóknar og annarra framfarasinna bjóða áfram framkrafta sína á næsta kjörtímabili fáum við til þess traust og umboð kjósenda í Rangárþingi eystra.

Fulltrúar B-lista framsóknarmanna og annarra framfarasinna í Rangárþingi eystra
 Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri og oddviti listans.
 Rafn Bergsson, formaður byggðarráðs.
 Guri Hilstad Ólason, sveitarstjórnarfulltrúi.
 Bjarki Oddsson, 1. varamaður.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
 Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 856 0656, dfs@dfs.is.
 Auglýsingaeið: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Sunnlenski matgæðingurinn



Ég vil byrja á því að þakka honum Hlyni, tiskufyrirmynd og góðvini mínum fyrir áskorunina!

Ég er mikill matarunnandi og eyði ófáum frístundum í eldhúsinu við að fönndra eitthvað gott í matinn.

Uppskriftin sem ég ætla að deila með ykkur er þó ekkert allt of mikið fönndur, heldur endurbætt útgáfa af bollum sem foreldrar mínir buðu uppá í brúðkaupinu sínu þann 6. júlí 1996, ég var nýorðin 7 ára en mundi eftir þessum bollum langt fram á fullorðinsár og hef í dag breytt þeim í spaghettibollur sem við gæðum okkur reglulega á með góðri pastasósu og spaghettí.

Uppstrílaðar brúðkaupsbollur:

1 pakki nautahakk
 1-2 egg, byrjum á einu
 1/2 pakki af ritzkexi eða carrs cheese melts (bæði gott)
 1 msk oreganó
 2-4 hvítlauksgeirar, pressaðir eða saxaðir smátt (ef ég er mjög löt hef ég gripið í hvítlauksduft í staðin)
 1 dl hakkaðar döðlur (það hljómar skrytið, en bragðast undursamlega!)
 Salt og pipar

Spaghettí

Tómat-pastasósa (ég er hrifin af öllum pastasósunum frá Gestus sem fást í Krónunni.)

Öllu nema spaghettíinu og pastasósunni dembi ég í skál, hnoða saman með höndunum og bæti við eggi ef mér finnst þetta ekki loða nógu vel saman. Ég bý svo til litlar bollur, dóttir mín vill hafa allt pínulítið og ég læt það eftir henni í þessu tilfelli.

Ég vil að lokum skora á hana **Sigrúnu Völu** vinkonu mína, sem er ekki bara falleg, klár og syngur eins og engill, heldur er hún algjör snillingur í eldhúsinu!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Helga Guðrún er Matgæðingurinn þessa viku

Á meðan ég hnoða bollurnar, læt ég saltað vatn ná upp suðu í stórum potti.

Þegar suðan er komin upp og bollurnar tilbúnar, set ég spaghettíð í vatnið og elda skv leiðbeiningum, hita smá olíu á pönnu við miðlungs-háan hita og brúna bollurnar vel, helli svo sósunni yfir og lækka undir (ég þarf yfirleitt að bæta um 1 dl af vatni við svo sósan verði ekki of þykk) og læt bollurnar malla á meðan spaghettíð sýður.

Þegar spaghettíð er tilbúið ættu bollurnar að vera það líka, þú getur prófað að skera eina í sundur ef þú ert ekki viss og gá hvort hún sé brún í gegn.

Ég ætla ekki að gerast svo fræg að mæla með víni með þessum rétt eins og hann Hlynur minn gerði því ég fæ mér yfirleitt bara strangheiðarlegt glas af Pepsi Max með þessum rétti, honum eflaust til mikillar ánægju.

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Ármann Dalmanntson
 Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Á mig tófa, á mig skolli, á mig refur.
 Í Kanada þeir um mig aka.
 Ýmsir hér mig slá og raka.


Svar við gátu í blaði 2640: **SPAÐI**
 1. Sögnin **Spaði** - 2. Skrífu **Spaði**
 3. Stungu **Spaði**



Ari Björn Thorarensen

Ég gef kost á mér í
fjórða sæti D-listans
í Sveitarfélaginu Árborg.

Traustur maður sem þorir
og stendur við sitt.



fastus.is


CONVOTHERM

CONVOTHERM VANDAÐIR ÖFNAR FYRIR ÞINN REKSTUR




Convotherm 4 easyDial
Vandaður ofn með 11 skúffum
Þægilegt viðmót - hentar stærri eldhúsum




Convotherm 4 easyDial
Vandaður ofn með 7 skúffum
Þægilegt viðmót - hentar smærri eldhúsum

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Bílaþjónusta Péturs ehf

Bílaþjónusta Péturs óskar eftir bifvélavirkja eða vönnum verkstæðismanni til starfa

Hæfniskröfur

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og reglusemi
- Almenn tölvukunnátta
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Umsækjendur eru velkomnir á staðinn, en einnig er hægt að senda umsókn og meðmæli á hjorturlevi@gmail.com - Bílaþjónusta Péturs Vallholt 17 800 Selfoss

Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Hverabraut 2 Íþróttagólf endurnýjun

Verklök eru 01.10.2022

Verkið felur í sér útvegum og lagningu á flatfjaðrandi (Area-elastic) parket íþróttagólfi á gólf íþróttasalar í íþróttahúsinu að Hverabraut 2 á Laugarvatni. Áður en vinna við gólfloagn hefst skal verktaki undirbúa allar gólfrestingar sem festa skal í steypu. Gert er ráð fyrir að gólfíð verði lagt á núverandi dúk og á að afhendast fullfrágengið með gólflistum á jöðrum, festihólkum fyrir tækjabúnað og markalínur samkvæmt teikningum, efnis og verklýsingu.

Helstu stærðir eru:

- Gólfplatarmál 1333m²
- Aðstaða fyrir varamenn og stjórnendur. . . 37 m²
- Aflagðar festingar 46 stk
- Nýjar festingar 30 stk
- Merkingar á gólfi. 2156m
- Færsla á áhorfendapöllum. 7 stk

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginu 14. mars 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Baldvin hjá Eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið baldvin.arnason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 30. mars og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar



Bómullarglaðningur



Þetta prjónahorn er birt aftur eftir smávægis mistök í síðasta blaði þar sem táknið voru vitlaus

Það styttest í vorkomu og við erum nýbúnar að fá alveg dásamlega fallegt bómullargarn frá Permin sem okkur fannst upplagt að prjóna eitthvað sumarlegt úr. Garnið heitir Maja, það kemur í 50 gr dokkum, 165 m á dokunni og fæst í nokkrum fallegum litasamsetningum.

Við vorum ekki vissar þegar við lögðum af stað hvað yrði úr þessu; handklæði, sumarsjal eða jafnvel fallegur löber á borðstofuborðið? Möguleikarnir eru margir og um að gera að fjölga eða fækka annað hvort lykkjum eða umferðum eftir því hvað þig langar að gera.

Mynstrið hleypur á 19 lykkjum og 4 um-

ferðum og svo eru 6 lykkjur í upphafi og lok umferðar til að mynda kant.

Við fitjuðum upp 88 l á prjóna nr 4,0 (garnið er gefið upp á prjóna 3-3,5 en við vildum hafa stykkið svolítið loftkennt og létt og völdum því örlítið stærri prjóna).

Svo fer það eftir hvað þú vilt hafa stykkið langt hversu margar dokkur þú þarft. Stykkið okkar mælist ca 120 sm og í það fóru 3 dokkur. Ef þú vilt gera nett handklæði þá ætti ein dokka að duga.

Uppskrift:

Fitjið upp 88 lykkjur og prjónið garðaprjón alls 10 umferðir (5 garðar).

Prjónið þá áfram mynsturprjón þar til stykkið nær óskaðri lengd.

Athugið að fyrstu 6 l og síðustu 6 l eru alltaf garðaprjón, þ.e. prjónaðar sléttar í öllum umferðum. Við mælum auk þess með því að fyrsta lykkja hverrar umferðar sé tekin óprjónuð til að mynda fallegan kant.

Ljúkið stykkinu með því að prjóna aftur 10 umferðir garðaprjón. Fellið laust af og gangið frá endum.

Mynstur:

Tákn:

► Takið 1 l óprjónaða, prjónið næstu l og steypið svo óprjónuðu l yfir

◄ Prjónið 2 l saman þannig að þær halli til hægri

~ Sláið upp á prjóninn

○ Prjónið slétt

Athugið að 3ja umferð er lesin frá hægri til vinstri.

1.umferð: Prjónið allar l sléttar.

2.umferð: Prjónið allar l sléttar.

3.umferð:

◄◄◄ ○○○○○○ ►►►

4.umferð: Prjónið allar mynsturlykkjur bragnar.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfussi // 555-1314



Fimmtudaginn 17.mars kl.17:00
fáum við góðan gest í heimsókn.

Matti Ósvald markþjálfari mun koma til okkar á Eyravegin og fræða okkur um **markmið** og mikilvægi þess að við **setjum okkur stefnu í lífinu**.

Fyrirlesturinn er öllum opin og öllum að **kostnaðarlausu**.
Við hvetjum alla til að mæta.

Fimmtudaginn 17. mars kl.17:00
Eyravegur 31, Selfossi



Svona er staðan

Ég hef verið í sveitarstjórn í tólf ár og átta ár í meirihlutastjórn. Frá 2010 höfum við þurft að taka á rekstri sveitarfélagsins, sem var á gjörgæslu hjá eftirlitsnefnd sveitarfélaga vegna skuldastöðu. Við þurftum að ráðast í róttækar aðgerðir hjá sveitarfélaginu til að ná rekstrinum í jafnvægi. Okkur tókst það á átta árum. Við náðum skuldum sveitarfélagsins úr 206% niður í 124% skuldahlutfall, sem var gríðarleg vinna. Velta þurfti hverri krónu fyrir sig og forgangsraða verkefnum eftir getu og fjármagni á þessum erfiðu tímum. Ásamt því að halda utan um þau verkefni sem við vorum með í framkvæmdum á þessum árum.

Sem íbúi í Árborg þarf að velja framtíðinni fyrir sér í þessu sveitarfélagi sem samanstandur af skuldasöfnun, óráðsú og óstjórn. Gæluverkefni koma fyrst og svo koma innviðirnir á eftir alltof seint, svo sem skólar og leikskólar, kalt og heitt vatn, frárennsli og margt fleira. Á þessu kjörtímabili hef ég margbent á þetta með skrifum í bæjar- og landsmálablöðin, eins á bæjarstjórnarfundum og í bæjarráði. En alltaf hefur verið farið í manninn en ekki málefnið með leiðindum og óhróðri að farið

sé með ósannindi í mínum málflutningi. Það er frekar vont að fá sannleikann framan í sig.

Skuldastaða sveitarfélagsins er gríðarlega erfið. Skuldir hafa hækkað um 100%. Í rekstrarhlutanum sem dæmi, A hlutinn (sem er rekstur sveitarfélagsins), var hagnaður upp á 16 milljónir í plús árið 2017 en núna stefnir hann í það að vera um 2,2-2,4 milljarða tap. Ekki er hægt að kenna covid og fjölgun íbúa um allt. Því ástæðan er einfaldlega sú að fólk hefur tapað yfirsýn yfir reksturinn. Öll verk fara fram úr áætlun sem er aðalorsök vandans, sem ég ætla ekki að fara nánar út í núna.

Framtíðarsýn sveitarfélagsins er sú að innviðirnir séu settir í forgang. Einblína þarf númer eitt á lögbundna þjónustu, s.s. skóla, leikskóla, kalt og heitt vatn og fráveitu síðan koma gæluverkefni eins og staða íþróttar og fleira. Við þurfum að laða til okkar atvinnutækifæri sem er mikilvægt fyrir okkar samfélag. Við eigum góða möguleika á því ef við náum að koma innviðunum í lag svo þeir verða í lagi og fyrirtæki sjái sér hag í því að vilja koma með rekstur sinn í þetta sveitarfélag.

Fólk er hissa á því af hverju ég gef ekki kost á mér í fyrsta sæti listans. Ég hef verið oddviti



listans í átta ár og tel ég miklar áskoranir vera fram undan hjá okkar sveitarfélagi að takast á við það að laga innviði, sem komnir eru í þrot hvað framkvæmdir og fjármál varðar. Ég tel að kröftum mínum sé betur borgið á öðru sæti listans til að ég geti sinnt þessum verkefnum af heilum hug þar sem mínir starfskraftar, þekking og reynsla nýtast sveitarfélaginu sem best til komandi ára.

Því óska ég eftir ykkar stuðningi í 2. sæti listans í komandi prófkjöri sjálfstæðismanna þann 19. mars næstkomandi,

*Gunnar Egilsson
Bæjarfultrúi og núverandi oddviti sjálfstæðismanna í Árborg*

Aðalfundur Félags eldri borgara á Selfossi.



Aðalfundur FEBSEL verður haldinn fimmtudaginn 24. mars nk. í Grænumörk og hefst kl. 14:00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Stjórn FEB Selfossi

Frá Myndlistarfélagi Árnassýslu

Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl kl. 17.00 í vinnustofu félagsins í Sandvíkursetri við Bankaveg á Selfossi.

Á dagskrá verða venjubundin aðalfundarstörf.

Stjórnin

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir umsóknum um lausar byggingarlóðir á Borg í Grímsnesi.

Um er að ræða 7 einbýlishúsalóðir, 8 parhúsalóðir og 3 raðhúsalóðir. Einnig er möguleiki á tveimur fjölbýlishúsalóðum.

Lóðirnar eru auglýstar á grundvelli nýs deiliskipulags á svæðinu. Búið er að malbika götur, gangstéttar og gangstiga ásamt því að götulyking er tilbúin. Hús munu tengjast vatns-, hita- og fráveitu sveitarfélagsins og RARIK er með rafmagn á svæðinu. Búið er að leggja ljósleiðara í hverfið. Sveitarstjórn hefur samþykkt 50% afslátt af gatnagerðargjöldum árið 2022.

Umsóknareyðublöð, lóðarblöð, gjaldskrár, skipulags- og byggingarskilmálar og aðrar upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.gogg.is.



Um auglýsingu og úthlutun lóða gilda reglur Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2021 en auglýsa skal lóðir með tveggja vikna umsóknarfresti að lágmarki. Úthlutun fer fram fram skv. vinnureglum ef fleiri en einn sækja um hverja lóð.

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2022.

Grímsnes- og Grafningshreppur er sveitarfélag í miðri Árnassýslu. Það varð til 1. júní 1998 við sameiningu Grímsneshrepps og Grafningshrepps. Sveitarfélagið liggur að Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Flóahrepp, Mosfellsbæ og Ölfusi. Sveitarfélagið er 890 km² að stærð og þar eru búsettir u.þ.b. 500 íbúar. Íbúar á Borg eru um 100. Um 20 mínútna akstur er á Selfoss þar sem íbúar sækja helstu þjónustu.

Á Borg er íþróttasalur og sundlaug með gufu, rennibraut, tveimur heitum pottum og vaðlaug. Reknir eru nokkrir golfvellir í sveitarfélaginu. Grímsnes- og Grafningshreppur er hluti af heilsueflandi samfélagi og leggur áherslu á uppbyggingu innviða til að stuðla að heilsu og vellíðan allra íbúa.

Kerhólsskóli á Borg í Grímsnesi varð til við sameiningu leikskólans Kátuborgar og Grunnskólans Ljósaborgar 1. janúar 2011. Í leikskóladeildinni eru nemendur frá 12 mánaða aldri og í grunnskóladeildinni eru nemendur í 1.-10. bekk. Byggt var nýtt húsnæði fyrir skólann árið 2013.

Öflugt félagsstarf er rekið í sveitarfélaginu. Ungmennafélagið Hvöt stendur fyrir íþróttæfingum fyrir börn í sveitarfélaginu í tengslum við skóla og frístundastarf og má þar nefna æfingar í blaki, körfubolta, frjálsum íþróttum og fótbolta. Félagar í Hvöt taka þátt í íþróttamótum á vegum HSK. Einnig er rekin björgunarsveit, hestamannafélag, kvenfélag og ótalmargt fleira.

Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má sjá á www.gogg.is.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Hvernig er best að byggja upp nýja Hamarshöll?



Undirritaður er byggingarfræðingur B.Sc. og húsa-smíðameistari og hefur langa reynslu af mannvirkjagerð, hönnun þeirra og stjórn framkvæmda, stórra og smárra. Mér er annt um íþróttastarf í Hveragerði og hef í gegnum tíðina reynt að styðja við það eins eins og ég mögulega get.

Í febrúarmánuði urðu Hvergerðingar fyrir miklu tjóni þegar Hamarshöllin, loftborið íþróttahús, fauk í einu af óveðrinu sem gekk yfir landið. Við það hvarf aðstaða til íþróttaiðkunar að stórum hluta í einum vettvangi, þá sérstaklega til fótboltaíðkunar og fimleika. Í grein þessari verður farið yfir farinn veg hvað varðar hið loftborna mannvirki, síðan það var byggt og til dagsins í dag og velt upp hvernig skal styðjast við þá þekkingu til að finna hvaða leiðir eru bestar til að byggja um nýja Hamarshöll.

Hamarshöllin – loftborið íþróttahús

Hamarshöllin var loftborið mannvirki, sem þýðir að því er haldið uppi með loftþrýsting. Húsið var tekið í notkun á haustmánuðum árið 2012.

Kostnaður skv. blaðagreinum og viðtölum

Tölur um kostnað hefur verið nokkuð á reiki og það sem ég hef fundið eru tölur allt frá 230 m.kr til 338 m.kr. Athuga skal

að í opinberri umræðu hefur kostnaður oft verið gefinn upp án virðisaukaskatts, sem er í lagi ef tekið er fram að það sé kostnaður auk virðisaukaskatts en Hveragerðisbær greiðir hann til ríkisins 20 árum. Því þykir mér rétt að tala um kostnað með virðisaukaskatti því það er raunkostnaður.

Raunkostnaður

Stofnkostnaður Hamarshallarinnar var 415 m.kr. m/vsk skv. upplýsingum sem fengust frá skrifstofustjóra Hveragerðisbæjar. Vegna vandræða með vélbúnað hefur þurft að ráðast í reisa húsi yfir vélbúnað sem fylgdi Hamarshöllinni. Kostnaðurinn við það hús er um 64 m.kr. en ég tel rétt að taka þann kostnað með þar sem að nauðsynlegt var að byggja þetta aukahús undir vélbúnaðinn sem knýr loftþrýstinginn í húsinu.

Samtals stofnkostnaður Hamarshallarinnar: 479 m.kr.

Rekstrarkostnaður

Það gefur augaleið að það þarf mikla orku í halda loftbornu húsi uppi og tel ég því að bera skuli saman rekstrartölur á loftbornu húsi og síðan íþróttahúsi með steyptum veggjum og stálgrindarþaki, t.d. eins og Hópið í Grindavík (nefnum það hús B í útreikningi). Bæði húsin eru upphitð. Í töflu 1 eru upplýsingar um grunntölu á rafmagni og hita miðað við 2018 og fram/aftur reiknuð skv. vísitölu neysluverðs. Miðað er við um 5000fm í báðum tilfellum

Eins og glögglega má sjá í töflu 1 þá er rekstrarkostnaður vegna hita og rafmagns umtalsvert hærri á Hamarshöllinni heldur en húsi B. Samantekinn kostnaður yfir árin 2013 - 2021 (9 ár) er kr. 34.470.000.- meiri fyrir Hamarshöllina heldur en hús B.

Samkvæmt tölum úr viðtali á netinu við bæjarstjóra Hveragerðisbæjar var tryggingarkostnaður við Hamarshöllina

árið 2018 1.9 m.kr. á ári. Í töflu 2 er grunntala á tryggingum miðað við 2018 og fram/aftur reiknuð skv. vísitölu neysluverðs. Miðað er við um 5.000fm hús í báðum tilfellum. Tölur fyrir tryggingar Hamarshallarinnar árin 2019 - 2021 eru leiðréttar miðað við upplýsingar úr fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar sem eru aðgengilegar á vef bæjarfélagsins

Í töflu 2 sést að tryggingarkostnaður við Hamarshöllina er umtalsvert hærri en á húsi B. Samantekinn kostnaður yfir árin 2013 - 2021 (9 ár) er kr. 8.780.000.- meiri fyrir Hamarshöllina heldur en hús B

Samanburðarhús

Ég komst yfir upplýsingar um kostnað á fjölnotaíþróttahúsi í Grindavík, en það hús er einangrað með staðsteyptum veggjum og stálgrindarþaki. Inn í húsinu er knattspyrnuvöllur og 60m löng hlaupabraut. Húsið var byggt árið 2009 og var stofnkostnaður þess 281 m.kr. m/vsk. Hús þetta er 3653fm og er því fermetra verðið samtals 76.923.-m/vsk. Ég framreikna þennan kostnað til ársins 2012 miðað við vísitölu og er því áætlað fermetra verð árið 2012 89.838.-m/vsk. Miðað við 5.000fm hús (hús B) á þessu fermetra verði hefði það hús kostað 450 m.kr. Í töflu 3 má sjá samanburð á Hamarshöllinni og húsi B miðað við framangreindar forsendur, þ.e. stofnkostnað og rekstrarkostnað við hita og rafmagn annars vegar og tryggingar hins vegar yfir níu ára tímabil í jafnstórum húsum (5.000 fm)

Niðurstaða

Að mínu mati er augljóst að ekki hefur verið farið í almennilega vinnu á sínum tíma við að athuga kostnað við áætlanagerð á fjölnota íþróttahúsi. Ekki var hugsað nógu langt til framtíðar m.t.t. rekstrarkostnaðar. Þar fyrir utan er það tjón sem við Hvergerðingar lentum í núna í febrúar virkilega kostnaðarsamt og skelfilegt fyrir íþróttastarfið hérna í Hveragerði. Erfitt að meta það í krónum og aurum.

Tíminn er eitt það verðmætasta sem við eigum og sá tími sem fer núna í að byggja upp nýtt fjölnota íþróttahús hér í Hveragerði hefði verið hægt að nota í annað ef að bæjaryfirvöld á sínum tíma hefðu vandað sig við áætlanagerð og verið með forsjálni að leiðarljósi. Það var talað um það á sínum tíma að dúkurinn sem fauk myndi endast í a.m.k. 20 ár.

Eins benti bæjarstjóri, á bloggi sínu, þann 8. september 2009 á að knattspyrnufélagið Rosenborg í Prándheimi væri nýbúið að reisa 10.000 fm loftborna höll frá Duol fyrir klúbbinn eftir að önnur loftborin höll hafði hrundi. Í umræddri færslu benti bæjarstjóri á að knattspyrnufélagið hafi fjárfest í húsi



Ár	Hamarshöllin (kr.)	Hús B (kr.)
2013	6.400.000	2.900.000
2014	6.600.000	3.000.000
2015	6.700.000	3.020.000
2016	6.800.000	3.100.000
2017	6.900.000	3.150.000
2018	7.100.000	3.220.000
2019	7.300.000	3.320.000
2020	7.500.000	3.400.000
2021	7.800.000	3.520.000
Samtals	63.100.000	28.630.000

Tafla 1: Kostnaður við hita og rafmagn

Ár	Hamarshöllin (kr.)	Hús B (kr.)
2013	1.720.000	565.000
2014	1.770.000	580.000
2015	1.780.000	590.000
2016	1.820.000	600.000
2017	1.860.000	610.000
2018	1.900.000	625.000
2019	1.500.000	650.000
2020	1.000.000	660.000
2021	1.000.000	690.000
Samtals	14.350.000	5.570.000

Tafla 2: Kostnaður við tryggingar

Kostnaðarliðir	Hamarshöllin (kr.)	Hús B (kr.)
Stofnkostnaður	415.000.000	450.000.000
Aukahús	64.000.000	0
Hiti og rafmagn	63.100.000	28.630.000
Tryggingar	14.350.000	5.570.000
Samtals	556.450.000	484.200.000

Tafla 3: Samanburður á Hamarshöllinni og húsi B yfir 9 ára tímabil

eins og bæjaryfirvöld væru að skoða. Tæpum þremur árum síðar, í lok árs 2011, lenti Rosenborg knattspyrnufélagið aftur í því að loftborna höllin þeirra hrundi. Þarna hefðu einhver viðvörunarljós átt að blikka. Þess ber að geta að knattspyrnufélagið Rosenborg ákvað árið 2012 að nú skildi byggja hús sem þolir veður og vinda. Það hús var tekið í notkun árið 2013 og stendur enn. (*heimild Mjúkhýsi í Hveragerði (mjukhysi.blogspot.com)*) (*heimild Abrahallen – Wikipedia*) (*heimild Abrahallen har kollapset – adressa.no*)

Að mínu mati á að læra af

mistökum sem gerð hafa verið. Eflaust heyrast þær raddir að ekki eiga að velta sér upp úr fortíðinni en nauðsynlegt er að byggja á þeirri reynslu sem við höfum og líta yfir farinn veg. Að rýna til framtíðar byggist á þekkingu. Þekking byggir á fortíðinni og allar ákvarðanir sem við tökum í dag snúast um framtíðina. Notum þekkinguna og tökum ákvarðanir um uppbyggingu fjölnota íþróttahúss á fyrirbyggjandi gögnum og reynslu.

Arnar Ingi Ingólfsson,
byggingarfræðingur í
Hveragerði

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Umbúðir | Almenn prentun | Bækur | Límmiðar | Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Velferðarþjónustan í Árborg okkar allra



Með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem komu til framkvæmdar á árinu 2021 jukust verkefni velferðarþjónustunnar töluvert. Farsældarlögin eru mjög yfirgripsmikil og ein mesta lagabreyting og framþróun sem orðið hefur í þjónustu við börn og fjölskyldur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Með lögunum er unnið markvisst að snemmaþæktu hlutunum þar sem kveðið er á um samstarf á milli menntastofnana, heilbrigðis-kerfisins og félagsþjónustu auk lögreglu og íþrótt- og æskulýðsstarfs þegar við á.

Farsældarlögin hafa þegar kallað á auknið framlag starfsmanna á ýmsum sviðum innan þjónustustofnana sveitarfélagsins. Það er því ljóst að með innleiðingu laganna kemur til útgjaldaaukningar hjá sveitarfélaginu hér í Árborg. Mikilvægt er þó að líta til þess að með þeim starfsaðferðum sem lögin kveða á um munu börn verða fyrir færri áföllum á uppvaxtarárunum og seigla þeirra mun aukast til framtíðar. Ávinningurinn mun þannig koma fram með tímanum og sparnaðurinn til langtíma mun vega meira en núverandi og komandi útgjaldaaukning.

Verkefni velferðarþjónustunnar munu á komandi tímum áfram vega þungt í þjónustu sveitarfélagsins. Auk þeirrar velferðarþjónustu sem nú þegar er veitt og áframhaldandi innleiðingar farsældarlaganna verðum við að takast á við afleiðingar heimsfaraldurs Covid sem hefur stýrt samfélaginu í tvö ár. Faraldurinn hefur meðal annars haft alvarleg áhrif á and-

lega heilsu margra og félagsleg einangrun hefur aukist. Það er sameiginleg ábyrgð okkar sem velferðarsamfélags að setja geðheilsuáhrif og geðrækt í forgang. Við þurfum að standa saman í að byggja upp og endurreisa mannleg tengsl og félagsleg samskipti eftir langvarandi takmarkanir á því sem við teljum eðlilegt líf og við þurfum að halda áfram að veita þeim sérstakan stuðning sem þurfa á honum að halda.

Velferðarmál eru einn stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins. Það er nauðsynlegt að huga vel að því hvernig fjármunum í velferðarmálunum er best varið og hvernig nýta má fjármagnid sem við höfum í málaflokkinn sem best. Ég er menntaður félagsráðgjafi og hef starfað í velferðarþjónustu á velferðarsviði sveitarfélaga og hjá frjálsum félagasamtökum í tíu ár og sem stjórnandi í velferðarþjónustu í um átta ár. Ég tel mikilvægt að þau sem sitja í bæjarstjórn hafi skilning á verkefnum velferðarþjónustunnar og geti veitt starfsfólki velferðarþjónustunnar stuðning við að takast á við núverandi verkefni, ný verkefni og verkefni framtíðarinnar. Þess vegna býð ég mig fram í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins þann 19. mars næstkomandi. Ég mun standa vörð um og hlúa að velferðarþjónustunni þannig að Sveitarfélagið Árborg geti veitt góða og fjölbreytta þjónustu í takt við þarfir íbúa og óska eftir stuðningi þínum til þess að geta látið gott af mér leiða.

*Helga Lind Pálsdóttir
Frambjóðandi í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Árborg*

Svein Ægi í 3. sæti!



Eitt er það sem ég ákvað fyrir löngu síðan, það er að styðja Svein Ægi Birgisson til setu á D-lista. Hann óskar eftir að skipa 3. sæti og mun hljóta mitt atkvæði til þess. Svein Ægi er ungur að árum, aðeins 24 ára. Þrátt fyrir það hefur hann öðlast mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum síðustu fjögur árin, sem varabæjarfulltrúi og fulltrúi í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Svein Ægi tók mitt sæti sem fyrsti varabæjarfulltrúi D-lista eftir síðustu kosningar og hefur leyst það starf afar vel af hendi.

Svein Ægi þekkir vel til margra málaflokka í rekstri sveitarfélagsins, hefur starfað að fræðslu- og æskulýðsmálum, setið í framkvæmda- og veitunefnd og fylgst vel með mál-efnum sveitarfélagsins. Hann

kemur inn með ferska sýn unga fólksins, sem vill byggja upp gott og fjölskydugt samfélag, án þess að festast í skuldaklafa.

Sveinn Ægi er traustur og heiðarlegur og góður félagi og ég treysti honum ótvírætt til að taka meiri þátt í stjórnun sveitarfélagsins með því að skipa sæti í bæjarstjórn næsta kjörtímabil. Hann er maður sátta og samvinnu, en hefur skýra framtíðarsýn og er óhræddur við að taka á málum.

Tökum höndum saman og tryggjum Sveini Ægi sæti í bæjarstjórn, öllum til heilla.

*Ásta Stefánsdóttir,
fyrirverandi bæjarfulltrúi og
framkvæmdastjóri
Sveitarfélagsins Árborgar.*

Erfðamál

Gísli Tryggvason lögmaður kynnrir erfðamál í Mörk, „Opnu húsi“ fimmtudaginn 17. mars nk., Kl. 14:45 til 16:00.

Gísli er sérhæfður í erfðamálum og býr yfir mikilli þekkingu á því sviði. Færi gefst á að bera upp spurningar um málaflokkinn að lokinni kynningu.

Félagar í FEB Selfoss eru hvattir að nýta þetta einstaka tækifæri.

Að venju eru í boði kaffiveitingar: Kaffi og meðlæti kr. 1000 eða kaffi kr. 200.



Rauði kross Íslands
Árnesingadeild

Aðalfundur

Rauðakrossdeildar Árnassýslu

verður haldinn þriðjudaginn 22. mars kl. 18.00
Að Eyravegi 23 Selfossi, húsnæði Rauðakrossins.

Venjuleg aðalfundarstörf
Sjá dagskrá á heimasíðu Rauðakrossins
og facebook-síðu Árnesingadeildar

Grimuskylda er á staðfundi
Stjórnin



Bifreiðastjóri óskast á Selfossi

Vegna aukinna verkefna óskum við hjá Hópbílum hf. eftir að ráða bifreiðastjóra til starfa. Um er að ræða áætlunarakstur strætisvagna á Suðurlandi:

Selfoss - Reykjavík - Selfoss

Starfshlutfall: Sumarflæysing.
Dagsetning ráðningar: 01. maí til 30. september
Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð

Áætlunarakstur strætisvagna á Suðurlandi - Þorlákshöfn - Hveragerði Önnur tilfallandi verkefni við rútuakstur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Aukin ökuréttindi (D og D1 réttindi) skilyrði
- Hreint sakavottorð skilyrði
- Rík þjónustlund og góð færni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi, snyrtimennska og stundvísi
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Frekari upplýsingar um starfið veita Arnar Páll í síma 599 6014 og/eða Ágúst í síma 599 6073
Tekið er við umsóknum á atvinna@hopbilar.is

Framundan er prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Árborg. Ánægjulegt er hve margir bjóða fram krafta sína til vinnu í þágu samfélagsins. Hver sem úrslitin verða er ljóst að mikið mannvál mun skipa framboðslistann.



Lögmannsstofa
ÓLAFS BJÖRNSSONAR

Eyravegi 15, 800 Selfoss | kt. 670705-1100
oli@olafur.is | s: 416 2220 | gsm: 894 3209 | www.olafur.is

Framboðslisti D-listans í Hveragerði samþykktur



Framboðslisti D-listans í Hveragerði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem haldnar verða þann 14. maí næstkomandi var samþykktur einróma á fjölmennum félagsfundum sem fram fór þann 8. mars s.l.

Listinn er skipaður fjölbreyttum hópi einstaklinga með góða þekkingu á mál-efnum Hveragerðisbæjar. Í hópnum eru reynslumiklir aðilar sem stýrt hafa sveitarfélaginu af festu og skynsemi í mörg ár en þar eru einnig nýir frambjóðendur sem nú stíga sín fyrstu skref í sveitarstjórnarmálum fullir áhuga á því að gera góðan bæ enn betri.

D-listinn hefur skipað meirihluta í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar síðastliðin sextán ár. Aldrei áður hefur

Hveragerðisbær notið jafn mikilla vinsælda og rekstur verið í jafn góðum farvegi og á því tímabili. Áhersla hefur verið lögð á skynsamlega uppbyggingu þar sem haldið er í staðaranda bæjarinnar og hugað að því að framúrskarandi þjónusta haldist í hendur við fjölgun íbúa. Þrátt fyrir gífurlega fjölgun íbúa hefur ánægja íbúa í mörg ár mælst ein sú mesta á landinu og síðastliðið ár voru íbúar Hveragerðisbæjar ánægðastir allra þegar spurt var um sveitarfélagið sem stað til að búa á. Atvinnuuppbygging hefur verið mikil, ferðaþjónusta vex og þrátt fyrir heimsfaraldur sjá íbúar Hveragerðisbæjar nú fram á að fjölbreytt starfsemi sé að flytjast í bæjarfélagið.

Framboðslisti D-listans í Hveragerði 2022

- Friðrik Sigurbjörnsson**, Viðskiptaþróunarstjóri hjá Bláa Lóninu og forseti bæjarstjórnar, 33 ára
- Alda Pálsdóttir**, Verkefnastjóri hjá Grund Mörkin ehf., 48 ára
- Eyþór H. Ólafsson**, Verkfræðingur og formaður bæjarráðs, 62 ára
- Aldís Hafsteinsdóttir**, Bæjarstjóri, 57 ára
- Sigmar Karlsson**, Deildarstjóri í Grunnskólanum í Hveragerði, 34 ára
- Ingibjörg Zoëga**, Húsmóðir, 50 ára
- Sigurður Einar Guðjónsson**, Verkefnastjóri hjá Landsvirkjun, 48 ára
- Aníta Líf Aradóttir**, Íþróttfræðingur, 33 ára
- Árni Þór Busk**, Forritari og starfsmaður í Grunnskólanum í Hveragerði, 24 ára
- Halldóra Baldvinsdóttir**, Hársnyrtir og förðunarfræðingur, 28 ára
- Styrmir Jökull Einarsson**, Nemi við MR, 19 ára
- Feng Jiang Hannesdóttir**, Starfsmaður Heilsustofnunar NLFÍ, 59 ára
- Áslaug Einarssdóttir**, Starfsmaður á Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, 57 ára
- Bjarni Kristinsson**, Pípulagningameistari, 75 ára

Bæjarstjóraefni D-listans er Aldís Hafsteinsdóttir.

Áfram Árborg!



Bæjarmálaráðið Áfram Árborg býður nú fram í annað sinn í sveitarstjórnarkosningunum sem eru framundan. Við stofnuðum félagið 2018 og vorum stolt af því að ná innmanni í bæjarstjórn. Við höfum lagt okkur fram um að vera til fyrirmyndar í störfum okkar í nefndum sveitarfélagsins, vinna með öllum, tala við alla og ná sáttum ef svo ber undir.

Við viljum framfarir og umbætur, vönduð vinnubrögð, aukid íbúalyðræði, aukid sjálfstæði hverfaráða, sérstaklega Eyrarbakka, Stokkseyri og Tjarnabyggð þar sem margir íbúa upplifa sig sem 2. flokks íbúa. Við stöndum fyrir opna stjórnsýslu og velferð allra. Framtíðarsýn okkar er nútímalegt og fallegt sveitarfélag sem skapar framúr í

menntamálum og nýsköpun með fjölbreyttum atvinnutækifærum. Við viljum vel rekið sveitarfélag sem er eftirsóknarvert að búa í og veitir góða þjónustu fyrir alla íbúa og fyrirtæki. Að við séum vel í stakk búin til að taka á móti nýjum íbúum og þjónusta þá með sóma.

Það hefur margt gott gerst á kjörtímabilinu en auðvitað margt sem betur mátti fara. Covid setti strik í reikninginn og við þurfum að einbeita okkur núna að stuðningi við unga fólkið sem félagsleg einangrun og rýsjótt skólalald hefur leikið grátt, stuðningi við eldra fólkið sem hefur búið við einangrun og þurft að fara sérstaklega varlega og aðra viðkvæma hópa. Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir að gera allt sem í þess valdi stóð til að halda uppi reglulegri og góðri þjónustu í faraldrinum.

Það sem vakti mesta furðu okkar þegar við höfum þátttöku í bæjarstjórn og nefndum á vegum þess, var hversu persónuleg átök og illindi milli sveitarfélagsins sem þjónustu við íbúa en ekki vettvang til að niða skóinn hver af öðrum. Til að þetta breytist verður að

eiga sér stað eðlileg endurnýjun. Við verðum að kjósa inn fólk sem vill gegna skyldum sínum við bæjarbúa af virðingu, vandvirkni og af framsýni. Yfirskrift sammings núverandi meirihluta var að efla áhrif ungs fólks. Það hefur lítið gerst í því. Þetta er mikilvægt mál og ég vil hvetja ungt fólk til að taka þátt í prófkjörum, gefa kost á sér til framboðs og taka virkan þátt í stjórnmálum.

Oddviti Áfram Árborgar 2018 var Sigurjón Vídalín Guðmundsson. Hann hefur nú sagt sig úr Áfram Árborg og Viðreisn og gengið til liðs við Samfylkinguna. Við þökkum honum stórfín fyrir okkar hönd og óskum honum góðs gengis á nýjum vettvangi. Ef þú hefur brennandi áhuga á sveitarfélaginu sem þú býrð í og þjónustu þess þá hvetjum við þig að hafa samband við okkur í Áfram Árborg og taka þátt með okkur. Við erum samsafn flokksbundins fólks, óflokksbundins, óháðra og allskyns umbótasinna. Hafðu samband við undirritaða á netfangið alfa@this.is.

Álfheiður Eymarsdóttir,
Varabæjarfulltrúi Áfram Árborgar og varaformaður eigna- og veitunefndar.

Kæru vinir og íbúar í Árborg



Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í 5.-6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Árborg sem fram fer þann 19. mars næstkomandi. Ég tel það samfélaginu til heilla að listinn sé skipaður fólki á öllum aldri, fólki með mismunandi bakgrunn, þekkingu og reynslu. Þannig tel ég að við, í gegnum ólík sjónarmið og reynsluheim getum best þjónað fólkinu í samfélaginu.

Ég fæddist í Vestmanneyjum 10. ágúst 1960. Ég bjó í Eyjum fram til ársins 1983 að undanskildum námsárum. Ég lauk stúdentsprófi frá máladeild Verslunarskóla Íslands 1980 og B.ed frá Kennaraháskóla Íslands 1986. Þá lauk ég viðbótardiplóma frá Háskóla Íslands í uppeldis- og menntunarfræðum vorið 2016 með áherslu á sér-

kennslufræði og skóla margbreytileikans.

Ég er gift Magnúsi Hermannssyni kerfisstjóra hjá Sveitarfélaginu Árborg og eigum við 5 börn og 10 barnabörn á öllum aldri.

Ég hef starfað við grunnskóla í Árborg frá hausti 1994. Í dag gegni ég stöðu deildarstjóra Fjölmenningsardeildar Vallaskóla en var áður verkefnastjóri, sérkennari og umsjónarkennari í flestum árgöngum. Þá kenndi ég, í 16 ár, íslensku sem annað tungumál fyrir fullorðna hjá Fræðsluneti Suðurlands auk kennslu fyrir fólk með fötlun. Reynsla mín af vinnu með ólíku fólki á öllum aldri er því mikil og góð.

Astaða þess að ég býð mig fram er að ég hef brennandi áhuga á velferð barna og ungmenna. Það er mikilvægt að fjölskyldan sé í forgrunni því hún er jú hornsteinn samfélagsins. Það er gott að ala upp börn í Árborg og við þurfum að kappkosta að gera vel við barnafólk, að fjölskyldur hugsi, hér er gott að búa. Ég myndi vilja að öll börn hefðu jafnan aðgang að skólamáltíðum og því ekki rúkað fyrir þær sérstaklega. Auðvitað kostar það en með ábyrgri ráðstöfun tekjustofna og skynsemi væri það framkvæmanlegt.

Vissulega þarf að fara í aðgerðir til að rétta úr fjárhags-

vanda sveitarfélagsins en ég vil að það sé gert á skynsamán hátt. Með ígrundun og rétttri forgangsáhröðun. Það er að mörgu að hyggja í Árborg og skýr framtíðarsýn nauðsynleg. Þar ber að nefna fráveitumálin, heita vatnið, uppbyggingu á Eyrarbakka og Stokkseyri þ.m.t. nýjan grunnskóla og málefni eldri borgara. Það þarf að skapa fleiri atvinnutækifæri, huga að litlum sprotafyrirtækjum, efla nýsköpun og nýta þau tækifæri sem eru í okkar frábæra samfélagi. Það þarf að styrkja innviði, nýta þau amboð sem eru til staðar og kappkosta að sjá tækifærin sem leynast allt í kringum okkur bæði í mannauð og fyrirtækjum. Gaman væri að sjá hugmyndir um frumkvöðlasetur þar sem skapandi vinna fyndi farveg. Árborg er vaxandi bæjarfélag og margt spennandi framundan. Með því að halda vel á spilum, sýna ráðdeild og skynsemi getum við byggt upp enn betra samfélag, Árborg okkar allra þar sem allir fá jöfn tækifæri til menntunar og þroska.

Ég býð fram krafta mína til að gera Árborg að enn betra samfélagi okkur öllum til heilla.

Ég óska eftir ykkar stuðningi í 5. til 6. sæti í komandi prófkjöri

Góð kveðja
Anna Linda Sigurðardóttir

Frelsi og val



fyrirsjáanleika í útgjöldum og fjölgum valmöguleikum íbúa.

Höfum valfrelsi og fjölbreytta möguleika að leiðarljósi. Leggjum áherslu á að eldri íbúar hafi val um ólíka þjónustu og val um mismunandi þjónustuaðila. Leggjum áherslu á að fatlað fólk hafi val er kemur að stuðning og búsetuformi. Leggjum áherslu á að ungt fólk hafi fjölbreytt val, skóli, félagsstarf, íþróttir og aðrar tómstundir. Það er bæjarstjórnar að leggja því lið að valkostir séu ávallt í boði og að íbúar hafi val.

Í rekstri sveitarfélagsins eiga að vera valkostir og sveigjanleiki. Útfæra á starf án staðsetningar sem valkost. Leggjum áherslu á að fjárfesta meira í fólki og minna í steypu. Leggjum meiri áherslu á verkefni og minni áherslu á að safna stöðugildum. Verum óhrædd við að útvista verkefnum, þannig fáum við oft betra verð, markvissari vinnu og skýrari niðurstöðu.

Nýtum einkaframtakið þegar kemur að leik- og grunnskólum. Þannig aukum við val íbúa og fáum aukinn krafti skólaumhverfið. Nýtum einkaframtakið í þjónustu við fatlað fólk og í

þjónustu við eldri íbúa sveitarfélagsins.

Með því að sveitarfélagið nýti einkaframtakið og útvisti verkefnum er verið að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt báðum aðilum til góðs.

Með því að setja rafræna stjórnsýslu í öndvegi, getum við minnkað það bákn sem stjórnsýslan er orðin. Drögum þannig úr kostnaði, aukum skilvirkni og bættum þjónustu.

Höfum skýra sýn, höfum fyrirsjáanleika, leggjum áherslu á frelsi og valkosti því verkefni fram undan í Árborg, eru í senn spennandi, flókin og mikilvæg.

Næstkomandi laugardag þann 19. mars hefur þú val. Val á milli 18 mjög frambærilegra frambjóðanda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Árborg. Frambjóðanda með ólíka reynslu, menntun og bakgrunn.

Taktu þátt, þitt val skiptir máli.

Guðmundur Ármann
Sækist eftir 2. sæti á lista
Sjálfstæðisflokksins í Árborg

Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg verður með prófkjör n.k. laugardag þann 19. mars. Það eru 18 frambærilegir einstaklingar sem boðið hafa fram krafta sína í prófkjörinu. Sjálfstæðismenn vilja að íbúar hafi val.

Að hafa val er mikilvægt. Að hafa fjölbreytta valkost er mikilvægt hverju samfélagi. Með því að nýta einkaframtakið fjölgum við valkostum. Með einkaframtakinu stuðlum við að nýsköpun, opnun á ný tækifæri, fáum

Ég óska eftir þínum stuðningi Bragi Bjarna í 1. sæti



menningardeildar, ásamt því að koma að nefndarstjórnunum og sjálfbodaliðastarfi í samfélaginu. Á þessum tíma hef ég unnið að fjölbreyttum málaflókum sem tengjast málefnum fjölskyldunnar og atvinnulífnum í Árborg og vil ég nýta þá miklu þekkingu sem ég hef, til áframhaldandi vinnu fyrir samfélagið á breiðari vettvangi.

Ábyrg fjármálastjórn – lægri álögur

Hlutverk sveitarfélaga snýst um að þjónusta íbúa og gesti og skapa umhverfi til öflugs atvinnulífs. Þjónustan er fjölbreytt líkt og rekstur leik- og grunnskóla, íþróttar- og frístundastarf, skipulagsmál, málefni eldri borgara, hita- og fráveita, snjó-mokstur, sorphirða svo fáein dæmi séu nefnd. Öll þessi þjónusta tekur til sín fjármagn og því skiptir máli að sveitarfélagið sé með ábyrga fjármálastjórn og finni hagkvæmar lausnir til að reksturinn sé réttu megin við strikið.

Því miður stendur sveitarfélagið ekki þar í dag en með skýrri framtíðarsýn og góðri samvinnu kjörinna fulltrúa og starfsmanna er ég sannfærður um að við getum snúið rekstrinum við á réttan kjól og sýnt trúverðuleika til framtíðar. Það er ekki sanngjarnt fyrir íbúa að hér í Árborg séu hæstu fasteignagjöldin en með ábyrgri fjár-

málastjórn eru allar forsendur til að lækka þær álögur á íbúa og fyrirtæki.

Nýtum tækifærin og eflum atvinnulífið

Um leið eru tækifæri til að afla aukinna tekna með því að efla nýsköpun, klára uppbyggingu atvinnulóða og nýta heimildir til afsláttar af gatnagerðagjöldum til að koma mikilvægum framkvæmdum af stað á miðbæjar-svæði Selfoss og við Eyrarbakka og Stokkseyri. Þær framkvæmdir skapa ný störf og fleiri tækifæri til atvinnu í allri Árborg sem auka tekjur sveitarfélagsins margfalt til framtíðar. Hugsum í lausnum, leggjum fram skýra framtíðarsýn og látum verkin tala.

Ég sækist eftir oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í Árborg, þar sem ég tel að kraftar mínir nýtist til að leiða samstilltan hóp fólks til góðra verka fyrir samfélagið. Öflugt lið þar sem allir hafa rödd og stuðning til að ljúka verkefnum og ná settum markmiðum. Þar tel ég að reynsla mín nýtist samfélaginu okkar vel.

Hvet alla til að láta sig málin varða og taka þátt í prófkjörinu laugardaginn 19. mars.

Bragi Bjarnason
Frambjóðandi í 1. sæti í
prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í
Sveitarfélaginu Árborg

Sumarstörf hjá Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið hefur opnað fyrir umsóknir á sumarstörfum fyrir sumarið 2022.

Umsóknarfrestur er til og með föstudeginum 25. mars næstkomandi.

Sumarstörfin sem eru laus til umsóknar hjá vinnuskólanum eru:

- verkstjórar
- flokksstjórar
- aðstoðarflokksstjórar
- sumarstörf fyrir ungmenni með skerta starfsgetu

Sumarstörfin sem eru laus til umsóknar hjá umhverfiseildinni eru:

- verkstjóri yfir garðslætti
- garðsláttur
- almenn garðyrkja

Allar nánari upplýsingar og hægt er að sækja um störfin á ráðningarvef Árborgar <https://starf.arborg.is/storf>

Nánari upplýsingar gefa

Dagbjört Harðardóttir, skólastjóri vinnuskólans
dagbjort.hardar@arborg.is s: 480 1951

Guðlaug Þorsteinsdóttir, garðyrkjustjóri
guðlaug.friðrikka@arborg.is s: 480 1900



Sveitarfélagið
ÁRBORG



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

Sumarúthlutun orlofshúsa 2022

Opnað var fyrir umsóknir fyrir sumarúthlutun hjá Stjórnendafélagi Suðurlands 15. mars og stendur til 28. mars. Á þeim tíma er hægt að sækja um eftirtalin hús.

- Birkihlíð Brekkuheiði 15
- Langahlíð 2 Akureyri
- Svignaskarð hús 32

Orlofsíbúðin á Akureyri er leigð út frá miðvikudegi til miðvikudags en Birkihlíð Brekkuheiði 15 og Svignaskarð hús 32 er frá föstudegi til föstudags. Verð fyrir hverja viku er kr. 34.000,-.

Sótt er um inn á Orlofsvefnum Frímanna.
<https://www.orlof.is/vssi/>

Innskráning með rafrænum skilríkjum. Farið er eftir punktastöðu umsækjenda við úthlutun.

Baráttudagurinn og Úkraína



arbrögðunum – og svona mætti áfram telja.

Systrabönd í þágu kvenna og stúlkna

Saga Soroptimistahreyfingarinnar spannar nú 101 ár og eru rætur hennar samofnar rótum þeirra kvannahreyfinga, framfarahreyfinga og mannréttindahreyfinga sem upp úr þessum jarðvegi eru sprottnar. Fyrsti Soroptimistaklúbbur heims var stofnaður í Bandaríkjunum 1921 og helgaði sig baráttunni fyrir að bjarga rauðviðarskógunum fornu og mikilfenglegu sem valdamikil skógarhöggsfyrirtæki voru þá farin að höggva niður svo eyðing þeirra blasti við. Þessi samtök Soroptimista í Bandaríkjunum voru fyrstu samtökin þarlendis til að taka upp baráttuna fyrir verndun þessara skóga. Næsti klúbbur var stofnaður í Bretlandi til að aðstoða munaðarlausar stúlkur og reka skóla fyrir þær. Klúbbur urðu til í fleiri löndum í kjölfarið og 1928 var komið á alþjóðlegum samtökum Soroptimista. Svona mætti áfram telja, en þarna strax var komin fram rík áhersla Soroptimista á umhverfismál, menntamál og hagsmuni stúlkna sem höllum fæti stóðu. Með seinni heimsstyrjöldinni varð Soroptimistum ljóst að konur

og stúlkubörn voru „gleymd“ fórnarlömb stríða, sem iðulega kölluðu yfir þær aukna hætti á mansali og grimmilegu kynferðislegu ofbeldi til viðbótar við þekktari afleiðingar stríðsátaka. Þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar 1948 og mannréttindayfirlýsing þeirra varð til voru Soroptimistar ekki langt undan og fljótlega fengu Soroptimistar á heimsvísu áheyrnaraðild að ýmsum nefndum og stofnunum Sameinuðu þjóðanna, tengsl sem hafa verið afar sterk og áhrifamikil allar götur síðan. Um þessar mundir eru hundruðir klúbba starfandi í flestum löndum heims og félagar eru 72 þúsund. Allur þessi fjöldi kvenna helgar sig verkefnum á fjölbreyttum sviðum sem falla að markmiðum Soroptimista um heim allan.

Skipulagðar nauðganir viðurkenndar sem stríðsglæpir

Það varð svo ekki fyrr en í kjölfar stríðsins í Júgóslavíu á tíunda áratugnum sem alþjóðasamfélagið viðurkendi fyrst að skipulagðar nauðganir og kynlífsánaud voru orðnar hluti af stríðsrekstri og í kjölfarið bættust þær við skilgreiningar á því hvað hugtakið stríðsglæpir fela í sér. Í þessu fólust mikil tímamót.

Ár hvert hafa Soroptimistar valið þema til að leggja áherslu á 8. mars og í ár höfðu þeir samþykkt að leggja sérstaka áherslu á umhverfismál og áhrif loftslagsbreytinga á líf kvenna og stúlkna, reyndar mannkynið allt og þessa einu plánetu sem við eigum.

En þá varð innrás. Herir Rússa réðust með vopnvaldi yfir úkraínsku landamæri og þverbrutu þannig á sjálfsákvörðunarrétti úkraínsku þjóðarinnar. Á augabragði settu Soroptimistar um allan heim í forgang að aðstoða systur (en svo köllum við okkur) í þeim fimm klúbbum Soroptimista, sem starfa í Úkraínu, á allan þann hátt sem unnt er. Neyðar-



Hildur Jónsdóttir

sjóður Evrópusambands Soroptimista sendi út ákall til allra klúbba í Evrópu, þar á meðal þeirra 19 sem eru starfandi hér á landi um fjárframlög til úkraínsku klúbba en líka til klúbba um alla Evrópu um að bretta strax upp ermar og hefja safnanir á aðföngum, skipulagningu á neyðaraðstoð við flóttamenn og móttöku þeirra, ekki aðeins í nágrennlöndum Úkraínu þangað sem flóttamenn eru teknir að streyma unnvörpum, heldur einnig dæmis á Norðurlöndum. Íslenskir Soroptimistaklúbbur og einstaklingar í röðum Soroptimista hér á landi, þ.m.t. Soroptimistaklúbbur Suðurlands, hafa strax brugðist rausnarlega við þessu ákalli.

Hugur okkar er líka hjá rússneskum Soroptimistasysturum okkar sem nú mega horfa upp á það að konur eru sviptar grundvallarmannréttindum eins og tjáningarfrelsi sem hefur tekið blóð, svita og tár að berjast fyrir og handteknar fyrir það eitt að mótmæla stríðsrekstri Pútíns sem ógnar allri Evrópu.

Soroptimistar á Evrópuvísu hafa sameinast um eftirtalda yfirlýsingu:

Stríð er ekki kynhlutlaust

Konur þjást óhóflega í vopnuð-

um átökum. Þær sækjast sjaldan í stríð en verða fyrir mestum áhrifum af stríði. Í friðarviðræðum er konum yfirleitt ekki boðið að borðinu eða þær jafnvel útilokaðar. Átökin í Úkraínu hvetja okkur til að vekja athygli á þessu. Við óttumst um heilsu og velferð milljóna kvenna og stúlkna sem gætu orðið fyrir meiðslum, misst heimili sín og vinnu, farið á flóttu, misst af skólagöngu, lent í nauðgunum og dáið. Staða kvenna er miklu viðkvæmari en karla gagnvart stríðsglæpum. Við skorum á ríkin að virða að fullu mannréttindi allra kvenna og stúlkna í Úkraínu eins og kemur fram í mannréttindasáttmála Evrópuráðsins sem öll aðildarríki Evrópuráðsins samþykktu að fylgja þar á meðal Rússar og Úkraínsmenn.

Soroptimistaklúbbur Suðurlands hvetur Íslendinga til að sýna Úkraínu allan þann stuðning sem verða má og opna faðminn fyrir flóttamönnum þaðan með systrapel og bræðrapel að leiðarljósi.

Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Suðurlands
Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri SIGURHÆÐA
– þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi.



Af framboðsmálum í Flóahreppi

Í Flóahreppi eru framboðsmál það skýrast líkt og í flestum sveitarfélögum landsins. Þar hefur breiður hópur fólks með víðtæka þekkingu og reynslu ákveðið að bjóða fram undir merkjum nýs framboðs, Framfaralistans. Að listanum standa þeir sem áður buðu fram undir merkjum Flóalistans ásamt hópi fólks sem hefur undanfarnar vikur komið saman og rætt mál efni og leiðir til að gera gott samfélag í Flóanum enn betra.

Málefnavinna er hafin og á næstu vikum verða stefnumál framboðsins kynnt. Framfara-

listinn er opin hreyfing þar sem öllum íbúum Flóahrepps er boðið að taka þátt í að móta framtíð samfélagsins. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í starfinu eða vilja frekari upplýsingar er bent á að hafa samband með tölvupósti á framfaralistinn@gmail.com. Framboðið hefur stofnað Facebook-síðu þar sem fréttir verða birtar og umræður munu eiga sér stað. Uppstillinganefnd mun raða á listann og verður hann gerður opinber þann 22. mars næstkomandi.

Tilkynning frá Framfaralistanum



Frábærlega heppnað skuldabréfaútboð Sveitarfélagsins Árborgar



Sveitarfélagið Árborg lauk við að bjóða út skuldabréf á lánamarkaði þann 3ja mars síðastliðinn. Skemmt er frá því að segja að vaxtakjörin sem buðust voru 0,9% og eru það betri kjör en sveitarfélögum bjóðast nú hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Á þessum kjörum buðust Árborg nú 3 milljarðar króna, en um var að ræða stækkun skuldabréfa-flokksins ARBO 31 GSB.

Fordæmalaus vöxtur undanfarinna ára á Selfossi hefur kallað á miklar fjárfestingar Sveitarfélagsins Árborgar. Einna mest áberandi er þar Selfosshöllin, nýtt ípróttahús bæjarbúa, sem þegar hefur margsannað gildi sitt. Leikskólinn Goðheimar hefur reyndar kostað bæjarsjóð litlu minna og nýr Stekkjaskóli mun kosta margfalt meira. Allar þessar mikilvægu fjárfestingar

verða ekki gerðar nema til komi lántaka og það er ánægjulegt að sjá það traust sem lánamarkaðurinn hefur á Sveitarfélaginu Árborg.

Sveitarfélagið Árborg er fyrsti útgefandinn til að gefa út sjálfbærni skuldabréf hér á landi til fjármögnunar á verkefnum sem hafa umhverfis og/eða félagslegan ávinning. Skuldabréfin eru gefin út í þeim til-

gangi að fjármagna græn og/eða félagsleg verkefni í samræmi við Sjálfbærniútgjöf Árborgar (e. Sustainable Finance Framework).

Landsbankinn hf. hefur umsjón með útgáfu og sölu skuldabréfanna sem og töku þeirra til viðskipta á „sustainable bond“ markað Nasdaq á Íslandi.

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Árborgar 2022-2036:

1. Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, heildarendurskoðun.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20.10. 2021 að auglýsa tillögu að nýju Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Í aðalskipulaginu er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu á skipulagstímanum.

Við gildistöku nýs aðalskipulags mun gildandi aðalskipulag, ásamt síðari breytingum á því, falla úr gildi.

Með nýrri aðalskipulagstillögu er lögð fram skipulagsgreinargerð, sveitarfélagsuppráttur, þéttbýlisupprættir fyrir Selfoss, Stokkseyri og Eyrarbakka. Jafnframt er lögð fram forsendu- og umhverfismatsskýrsla og skýringarupprættir. Í aðalskipulagstillögunni er áhersla á eftirfarandi megin markmið á skipulagstímabilinu:

- Að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru.
- Að jafnvægi sé milli verndunar umhverfis og náttúru og nýtingar, til heilla fyrir notendur.
- Að skipulagið taki mið af þörfum íbúa og skapi góð búsetuskilyrði fyrir alla.
- Að skipulagið stuðli að hagkvæmum rekstri sveitarfélagsins og miði að jafnvægi og stöðugleika í rekstrinum.
- Að stuðla að heilsuefandi samfélagi innan Árborgar.
- Að stuðla að kolefnisbindingu og að draga úr losun kolefnis.

Skipulagsstofnun samþykkti aðalskipulagstillöguna til auglýsingar með afgangi sinni þann 16.12.2021 með nokkrum athugasemdum. Brugðist hefur verið við athugasemdum í auglýstri tillögu. Afgreiðsla Skipulagsstofnunar fylgir auglýsingu aðalskipulagstillögunnar.

Aðalskipulagstillagan liggur frammi til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi og einnig á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni www.arborg.is

Aðalskipulagstillagan er auglýst frá 16. mars 2022 til og með 27. apríl 2022. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 27. apríl 2022.

Athugasemdir og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, eða með tölvupósti á skipulag@arborg.is

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030:

Hreinsistöð við Geitanes - Breyting á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa

breytingu á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 vegna hreinsistöðvar við Geitanes.

Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa tveggja þrepa hreinsistöð fyrir fráveitu við Geitanes norðan við flugvöllinn á Selfossi. Markmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, en í dag er skólp að mestu losað óhreinsað í Ölfusá. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að iðnaðarsvæðið (s30) við Geitanes færist aðeins til vesturs en heildar stærð svæðisins verði óbreytt. Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari er gert deiliskipulag þar sem nánari ákvæði eru m.a. sett um framkvæmdir, ásýnd og frágang. Vinna við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins stendur yfir og eru breytingar sem hér eru lagðar fram í samræmi við tillögu nýs aðalskipulags Árborgar 2022-2036.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Hreinsistöð við Geitanes - Deiliskipulag.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulag svæðis fyrir tveggja þrepa hreinsistöð fyrir fráveitu við Geitanes norðan við flugvöllinn á Selfossi. Markmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, en í dag er skólp að mestu losað óhreinsað í Ölfusá. Deiliskipulag þetta tekur til aðkomu að lóð hreinsistöðvarinnar, lóðarinnar sjálfrar og nærumhverfi eftir því sem þörf krefur m.a. vegna útrásar í Ölfusá. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun, mannvirki, útrás, vernd náttúru og frágang. Samhliða deiliskipulagi þessu er gerð breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 sem fellst í breytingu á upprætti þar sem iðnaðarsvæðið færist lítið eitt til.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögunar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 16. mars 2022 til og með 27. apríl 2022.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 27. apríl 2022.

Athugasemdir og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Anton Kári Halldórsson
skipulagsfulltrúi

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan Kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



OPIÐ HÚS

Fimmtudag 17. mars verður
flutt erindi um erfðamál.
Kaffi og meðlæti kl. 14:45.

SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin eftir hádegi á
fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+

í Selfosshöllinni
þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði,
endurbætur
og viðgerðir.

Alhliða
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aoverkt@gmail.com



Er lúsmý að plaga þig?

Höfum til sölu sérhönnuð
lúsmýsnet í metratáli til að setja
fyrir glugga. Sendum samdægurs
um allt land.

Leitaðu upplýsinga og
pantaðu á Postverslun.is.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 20. mars kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur, org-
anisti Edít A. Molnár. Prestur
Arnaldur Bárðarson. Sunnu-
dagaskóli á sama tíma kl. 11:00,
umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir
ásamt leiðtogum.
Morgunbætur þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

Stokkseyrarkirkja
Barnasamvera laugardaginn 19.
mars kl. 11:00.

Hveragerðiskirkja
Fermingarmessa kl. 11. Sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.
Kirkjukór Hveragerðis - og
Kotstrandarsókna syngur, org-
anisti Miklós Dalmay.

Kotstrandarkirkja
Fermingarmessa kl. 14. Sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.
Kirkjukór Hveragerðis - og
Kotstrandarsókna syngur, org-
anisti Miklós Dalmay.

Skálholtsdómkirkja
Föstumessa kl. 11 sunnudaginn
20. mars. „Börn ljóssins.“ Org-
anisti er Jón Bjarnason. Sr. Bolli
Pétur Bollason prédikar og þjón-
ar fyrir altari.

Miðalskirkja
Föstumessa kl. 14. Söngkór
Miðalskirkju syngur. Organisti
er Jón Bjarnason. Sr. Bolli Pétur
Bollason prédikar og þjónar fyrir
altari.

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dæleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Hrunakirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 20.
mars kl. 11. Félagar úr kirkju-
kórnum leiða sönginn undir
stjórn Stefáns Þorleifssonar
organista. Sóknarprestur

Mosfellskirkja
Kvöldmessa á föstu miðvikudag-
inn 16. mars kl. 20. Kvöldmessur
alla miðvikudaga á föstunni á
sama tíma. Jón Bjarnason org-
anisti og sr. Bolli Pétur Bollason.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Samkoma á sunnudögum kl.
11:00. English translation ava-
ilable. Bænastundir á þriðju-
dögum kl. 17. selfossgospel.is

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 19. mars.
Bibliulexiur kl. 11 í höndum
Ómars Torfasonar, umfjöllunar-
efnið er Hebreabréfið og guðs-
þjónusta kl. 12, með ræðu hefur
Kristinn Ólafsson.



Fjör og kæti í FSu

Kátir dagar og Flóafár voru
haldnir í fyrstu viku mars-
mánaðar og tókust sérlega vel
að þessu sinni. Skipulag var
gott og þátttaka góð og mikið
líf í gula húsinu við Tryggva-
götu. Segja má að flestir hafi
verið búnir að bíða nokkuð
lengi eftir uppákomum af þessu
tagi eftir veirufrestun síðustu
tvö ár. Á Kátum dögum voru
haldin fjölbreytt námskeið,
kynningar og uppákomur en í
Flóafári hópuðust nemendur
í lið og kepptu í öllum náms-
greinum skólans. Hvert lið
fær sérstakt heimasvæði til að
skreyta og síðan keppa þau í
þrautum um allan skóla
sem kennarar hafa útbúið. Hug-
myndaauði liðanna í útliti og
skipulagningu heimasvæða var

mikil að venju og fór keppnin
vel fram.

Fjögur lið voru skráð til leiks
að þessu sinni og fá þau þrjár
vikur til að undirbúa þema og
skipuleggja sig. Þau nefndust
Wild West, Harry Potter, Pre-
mier League og Himnaríki. Svo
fór að Harry Potter liðið sigraði
að lokum en einnig voru veitt
sérstök verðlaun fyrir árangur
í einstökum greinum. Starfs-
menn skólans leggja mikið á
sig í Flóafári við undirbúning
og íklæðast svo skemmtilegum
búningum. Að þessu sinni var
það Pelle Damby Carøe dönsku-
kennari sem fékk viðurken-
ningu fyrir sinn búning þegar
hann mætti í gervi ofurhetjunnar
sem kennd er við leðurblöku og
heitir á ensku Batman. -jöz/guð

Kynlíf, samskipti og jafnrétti

Á vormánuðum hefur verið
ánóg um að vera í fræðslu
og forvörnum tengdum kynlífi,
samskiptum og jafnrétti.

Sjötta vika ársins
var tileinkuð kyn-
fræðslu í ML, sem
víðar. Fræðslu-
átakið Vika6 er á
vegum Reykja-
víkurborgar en
við hoppuðum á
vagninn; hengd voru
upp plaköt, sýnd mynd-
bönd í kennslustundum og
haldnar umræður í umsjónar-
tíma. Þemað þetta ár var kyn-
líf og menning þar sem lögð
var áhersla á myndsendingar í
ljósi kynfrelsis og ofbeldis. Á
bókasafninu var stillt upp kyn-
fræðsluhillu með öllu tiltæku
efni.

Stígamóta. Því var hrundið af
stað 3. mars og í frímínútum
þann morgun var dansað gegn
ofbeldi í holinu. Dúndrandi
danstónlist og allir
fengu sleikjó! Plaköt
voru hengd upp til
að vekja athygli
á nýju netspjalli
sjúkt-spjall og
sambandsprófum
á sjukast.is.

UN women héldu
fyrirlestur fyrir nem-
endur á fyrsta ári þann 2.
mars. Mikilvæg og átakanleg
umræða sem fór fram á streymi
og gekk mjög vel.

Pakkir til allra sem komu að
undirbúningi og tóku þátt. Þessi
málefni verða vonandi áfram á
dagskrá sem oftast og víðast.

Sjúk ást er verkefni á vegum

Freyja, jafnréttisfultrúi ML

Framtíðin er í höndum íbúa Sveitarfélagsins Árborgar



verður að bregðast með því að gera áætlun um niðurgreiðslu skulda og að forgangsraða í þágu grunnþjónustu. Skuldir nútímans eru framtíðar skattar og álögur á íbúa og þær álögur lækka ekki við óbreytta stjórnarhætti í Árborg. Forsenda að hallalausum rekstri sveitarfélagsins er að fjármunum sé varið af ábyrgð, hagsýni og ráðdeild.

Forgangsróðun framkvæmda

Á næstu misserum þarf að forgangsraða framkvæmdum þannig að grunnþjónusta gangi fyrir öðrum verkefnum. Ýmis félagsleg þjónusta, fræðslumál, hreinlætismál, vatnsöflun, orka og nettengingar, eru grunnþarfir sem sveitarfélaginu ber skylda til að hlúa að. Samfara mikilli íbúafjölgun þarf að gæta að bæði félagslegri þjónustu og fræðslumálum, bæði leik- og grunnskólustarfi og er mikilvægt að öllum skólastigum verði búin góð aðstaða. Farið er að bera á skorti á heitu vatni til húshlutunar en við því þarf að bregðast með virkjun nýrra borhola. Huga þarf að umhverfinu og að hafa bæjarfélagið snyrtilegt, sinna viðhaldi gatna og gangstétta og hirða gróður svo sómi sé að.

Í sveitarstjórnkosningum í vor verður tekist á um leiðir til að reka bæjarsjóð þannig að hann verði sem best í stakk búinn til að mæta þeirri gríðar miklu íbúafjölgun sem er í bæjarfélaginu og allt bendir til að framhald verði á. Íbúar hafa áhrif í kosningum á hverjir veljast til að bera ábyrgð á sveitarsjóði. Á liðnu kjörtímabili hafa skuldir því miður safnast upp sem gert hafa reksturinn ósjálfbæran, þ.e. að tekjur duga ekki lengur fyrir rekstri og afborgunum af skuldum. Við þessu

Nýsköpun

Nýsköpun er undirstaða framfara og aukinnar verðmæta-sköpunar í samkeppnisdrifnum heimi. Sjá má fyrir sér að atvinnumálanefnd fái það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir til að efla frumkvöðlastarf og nýsköpun í bæjarfélaginu. Til að auka atvinnutækifæri og nýsköpun spretti fram í Árborg þarf að tryggja hagfellt umhverfi til að stunda nýsköpun. Slíkt umhverfi laðar fyrirtæki að okkar sveitarfélagi og er þá ekki síst mikilvægt að allir innviðir og grunnþjónusta sé í lagi. Starfsfólk sem nýtur góðrar grunnþjónustu og er ánægt með búsetu sína er einnig lykllinn að því að fyrirtæki fái þrífist.

Þessi ofangreindu mál og svo mörg fleiri eru ástæðan fyrir að ég býð mig fram til setu í bæjarstjórn og að koma að ákvarðanatöku um framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins. Ég hvet þig lesandi góður til að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Árborg því framtíðin er í þínum höndum.

Magnús Gíslason
Frambjóðandi í 3. – 4. sæti í
prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í
Sveitarfélaginu Árborg.

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í endurgerð leikskólalóðar við Bláskógaskóla á Laugarvatni.

Um er að ræða endurgerð á hluta af núverandi leikskólalóð m.a. ný leiktæki og yfirborðsefni, jarðvegsskipti og lagfæringu á grassvæðum, malbikaðan stíg og gróður. Heildarsvæði útboðsverksins er um 1.100m². Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 31. júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með 18. mars 2022 og skulu þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið, hafa samband við Kristófer Tómasson hjá Bláskógabyggð kristofer@blaskogabyggd.is.

Gefa þarf upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fær viðkomandi í kjölfarið send útboðsgögn til sín. Tilboð verða opnuð á skrifstofu sveitarfélagsins Félagsheimilinu Aratungu, Reykholti þann 30. mars 2022 kl. 13.00.



BLÁSKÓGABYGGÐ

Íbúalistinn í Ölfusi kynnir frambjóðendur

Íbúalistinn er nýtt framboð í Sveitarfélaginu Ölfusi. Það eru kraftmiklir og ólíkir einstaklingar sem mynda Íbúalistann en það sem sameinar þá er ástríða fyrir velferð samborgara sinna og viljinn til að bjóða fram krafta sína á komandi kjörtímabili til að vinna að málefnum Sveitarfélagsins Ölfuss.

Íbúalistinn vinnur nú að mótun stefnumála og vill gera það í virku samtali við íbúa, því vilji íbúa skiptir máli. Frambjóðendur munu bjóða upp á mál-efnafundi á næstunni og hvetur

einnig öll áhugasöm til að hafa samband með því að senda póst á ibualistinn@gmail.com eða hringja beint í einhvern af frambjóðendum Íbúalistans.

Hægt er að kynna sér frambjóðendur nánar á síðunni www.ibualistinn.is.

Frambjóðendur Íbúalistans í Ölfusi

1. **Ása Berglind Hjálmarsdóttir**, 37 ára menningarstjórnandi, frumkvöðull og tónlistarkennari
2. **Böðvar Guðbjörn Jónsson**, 29 ára hugbúnaðarsérfræðingur
3. **Berglind Friðriksdóttir**, 33 ára sálfræðingur
4. **Sigfús Benóný Harðarson**, 42 ára aðalvarðstjóri hjá ríkislögreglustjóra
5. **Hrafnhildur Lilja Harðardóttir**, 38 ára sálfræðingur
6. **Rumyana Björg Ivansdóttir**, 56 ára sjúkráliði
7. **Arna Þórdís Árnadóttir**, 40 ára verkefnastjóri
8. **Steingrímur Þorbjarnarson**, 58 ára jarð- og mannfræðingur
9. **Guðlaug Arna Hannesdóttir**, 27 ára geislafræðingur
10. **Guðmundur Oddgeirsson**, 64 ára öryggis- og vinnuverndarfulltrúi
11. **Agnes Erna Estherardóttir**, 46 ára bókhaldari, söngkona og smiður.
12. **Davíð Reimarsson**, 30 ára stuðningsfulltrúi
13. **Óskar Hrafn Guðmundsson**, 62 ára verkamaður
14. **Elín Björg Jónsdóttir**, 69 ára eftirlaunakona



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Ball fyrir unglunga á Suðurlandi

Föstudaginn 11. mars síðastliðinn var haldið ball fyrir 8.-10. bekkina á Suðurlandi. Þar komu saman rúmlega 500 sunnlenskir unglingar. Ballið fór fram í Hvíta húsinu á Selfossi þar sem Stuðlabandið hélt uppi stuðinu ásamt sérstökum gesti, Séra Björssa. Það var ljóst að öll voru þau tilbúin í að hafa gaman saman og gekk ballið vonum fram. Unglingarnir sýndu fyrirmyndarhegðun og fá þau stórt hrós.

Við getum flest verið samála um að nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að halda vel utan um börnin og unglunganna okkar. Fullorðna fólk og fyrirmyndirnar þurfa að vera til staðar, hlusta, fylgjast með líðan, stuðla að samveru og hvetja til virkni. Samvera með fjölskyldunni og skipulagt frístundastarf, í hvaða mynd sem það birtist, eru lykilar að forvörnum sem skila árangri til lengri tíma.

Nú þegar samkomubanni er



lokið hefur opnast fyrir helling af möguleikum að skemmtilegri samveru. Við starfsfólk í félagsmiðstöðinni Zelsíuz hlökkum mikið til komandi viðburða og vonumst til að sjá sem flesta hjá okkur á næstunni.

Ef einhver þekkir ekki félagsmiðstöðina, þörir ekki eða veit ekki alveg hvernig á að

stíga fyrstu skrefin inn í félagsmiðstöðvarstarfið, ekki hika við að hafa samband og við leiðbeinum.

Fyrir hönd starfsfólks Zelsíuz,
Dagbjört Harðardóttir,
forstöðumaður
frístundahúsa Árborgar.

Kraftmikill stofnfundur Ferðafélags Rangæinga



Fullt var út úr dyrum á stofnfundi Ferðafélags Rangæinga á Hellu 1. mars sl. en einnig var stór hópur sem tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Undirbúningshópur að stofnun félagsins hefur verið starfandi undarfarnar vikur og var tillaga undirbúningshópsins um að stofna Ferðafélag Rangæinga samþykkt einróma á fundinum og með dúndrandi lófataki að auki. Samþykkt voru lög fyrir félagið en starfssvæði þess eru héraðsmörk Rangárvallasýslu og nágrennis. Ferðafélag Rangæinga er áhugamannafélag með þann tilgang að hvetja fólk á öllum aldri til útivistar í hinu fagra Rangárþingi. Stefnt er að því m.a. að skipuleggja langar og stuttar, léttar og erfiðari göngur, hjóla-

ferðir og hvers konar útivistarferðir við hæfi sem flestra. Fram kom á fundinum að þrátt fyrir að starfssvæði félagsins sé Rangárvallasýsla þá eru allir velkomnir í félagið óháð búsetu. Félagið verður deild í Ferðafélagi Íslands og hefur undirbúningur að stofnun þess verið unninn í góðu samstarfi við forystufólk FÍ. Á fundinum voru Anna Guðrún Jónsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Helgi Jóhannesson, Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir, Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir og Lárus Ágúst Bragason kosin í stjórn félagsins auk Ágústs Sigurðssonar sem jafnframt var kosinn forseti. Skoðunarmenn voru kosin þau Þorbergur Albertsson og Sigríður Viðarsdóttir. Einhugur var á stofnfundi að stefna að líflegri dagskrá hjá félaginu

strax á fyrsta ári og skipuleggja m.a. sérstaka Stofngöngu í sumar. Vitað var um marga sem ekki komust til fundar af ýmsum ástæðum, en hafa áhuga á að vera með, og var því ákveðið að gefa fólk færi á því að gerast stofnfélagar áfram fram eftir árinu. Þetta mæltist vel fyrir.

Hægt er að skrá sig í félagið með því að senda póst á ferðafelag.rangaeinga@gmail.com en félagið er einnig á Facebook @Rangaeingar.

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjófgerðir - Almennar raflagnir

TAXI SELFOSSI
482-3800

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhalde@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærdiz

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Þjónustur - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolin.is

BRACAF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjonaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is